

Hverfisráðið í Grímsey

1. fundur

Þann 13. júlí 2010 kl. 21.45 kom hverfisráð Grímseyjar saman til fyrsta fundar. Fundurinn var haldinn í félagsheimilinu Múla að afloknum almennum íbúafundi.

Mætt: Ragnhildur Hjaltadóttir, Sigrún Þorláksdóttir og Sigurður Bjarnason. Auk þeirra sat fundinn Sigríður Stefánsdóttir tengiliður við Grímsey.

Á almennum íbúafundi 13. júlí 2010 var kosið héraðsráð Grímseyjar í samræmi við reglur Akureyrarbæjar um héraðsráð í Hrísey og Grímsey. Þessir hlutu kosningu:

Aðalmenn:

Ragnhildur Hjaltadóttir

Sigrún Þorláksdóttir

Sigurður Bjarnason

Varamenn:

Stella Gunnarsdóttir

Magnús Þór Bjarnason

Þorgerður G. Einarsdóttir.

1. Kosning formanns og ritara.

Sigurður Bjarnason var kosinn formaður ráðsins og Ragnhildur Hjaltadóttir ritari.

2. Reglur og gögn

Sigríður Stefánsdóttir lagði fram og fór yfir “Samþykkt um hverfisráðin í Hríseyj og Grímsey” og fundargerðir samráðsnefndar og íbúafunda frá liðnu ári. Reglur um fundarritun verða sendar.

3. Umferðarmál

Í framhaldi af umræðum á íbúafundi fyrr um kvöldið og á fundi í apríl óskar ráðið eftir því að skoðuð verði mál sem varða umferðarhraða og umferðaröryggi í eyjunni. Sérstaklega verði skoðaðar aðgerðir í nágrenni skólans í Múla.

4. Viðhald á götum

Ráðið beinir því til framkvæmdadeildar að fara sem fyrst í nauðsynlegar lagfæringar og viðhald á götum í eyjunni.

5. Lóðaframkvæmdir við Múla

Ráðið óskar eftir að Sigríður ýti á eftir framkvæmdum við girðingar og fleira á lóðinni við Múla. Mjög nauðsynlegt er að framkvæmdum ljúki áður en skóli hefst í haust. Þess er óskað að teikningar og tilhögun séu lagðar fyrir ráðið til umsagnar.

6. Múli

Ráðið ítrekar nauðsyn þess að lögð verði fram yfirlýsing um notkun og umsjón með Múla og að tryggður verði aðgangur félaga í Grímsey að húsinu. Minnt á framlag þeirra til byggingar, viðhalds og búnaðarkaupa. Sigríður upplýsti að vilji væri til að leggja fram slíka yfirlýsingu og að framkvæmdastóri Akureyrarstofu og skólafulltrúi hefðu tekið að sér að leggja fram drög að henni. Hún mun fylgja málinu eftir.

7. Pólland – parhúsið – Vallargata 13 – 15

Ráðið óskar eftir að lagfærð verði kyndikompan – að byggja þurfi við hana eins og margoft hefur verið rætt og óskað eftir. Ekki er hægt að komast meðfram miðstöðinni vegna þrengsla ef sinna þarf viðhaldi.

8. Skólinn

Ráðið óskar eftir að stóru skólastofurnar verði einnig málaðar, en búið er að mála miðstofuna sem hýsir nú leikskólann.

Fleira ekki fundi slitið kl. 22.35

Fundarritari: Sigríður Stefánsdóttir